# Sunnudagur 3. desember



### SJÓNVARPIÐ

13.00 **Fræðsluvarp – endurflutningur.** 1. Þýskukennsla – 9. þáttur (15 mín.). 2. Þitt er valið – 2. þáttur (20 mín.) . 3. Umræðan – Lífshættir unglinga (18 mín.). 4. Ritun – 5. þáttur (12 mín.). 5. Algebra – 6. þáttur (10 mín.).
15.15 **Er mótefnamæling bara blóðrannsókn?** Mynd um alnæmi í tilefni af alþjóðlegum alnæmisdegi þann 1. desember. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
15.45 **Í skuldafjötrum.** (A Matter of Life and Debt). Annar þáttur. Breskur heimildamyndaflokkur í þremur þáttum. Fjallað er um skuldabagga þróunarríkjanna og hvernig hann er tilkominn. Þýðandi og þulur Bogi Arnar Finnbogason.
16.40 **Gilbert og Sullivan.** Breskur tónlistarþáttur þar sem nokkrir listamenn rifja upp perlur eftir Gilbert og Sullivan. Íslenskur texti Dóra Hafsteinsdóttir. Söngtextar Þrándur Thoroddsen.
17.40 **Sunnudagshugvekja.** Valdís Magnúsdóttir trúboði flytur.
17.50 **Stundin okkar.** Umsjón Helga Steffensen.
18.20 **Ævintýraeyjan.** (Blizzard Island). Þriðji þáttur. Kanadískur framhaldsmyndaflokkur í 12 þáttum. Þýðandi Sigurgeir Steingrímsson.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.50 **Brauðstrit.** (Bread). Lokaþáttur. Breskur gamanmyndaflokkur um fjölskyldu í Liverpool sem lifir góðu lífi þrátt fyrir atvinnuleysi og þrengingar. Þýðandi Ólöf Pétursdóttir.
19.30 **Kastljós á sunnudegi.** Fréttir og fréttaskýringar.
20.35 **Blaðadrottningin.** (I'll Take Manhattan). Þriðji þáttur. Bandarískur myndaflokkur í átta þáttum. Flokkurinn er gerður eftir samnefndri skáldsögu eftir Judith Krantz. Aðalhlutverk: Valerie Bertinelli, Barry Bostwick, Perry King og Francesca Annis. Þýðandi Ýrr Bertelsdóttir. Framhald
21.20 **Upptaktur.** Hvað er að gerast í íslenska dægurlagaheiminum? Umsjón Dagur Gunnarsson. Dagskrárgerð Sigurður Jónasson.
22.00 **Sagan.** (La Storia). – Þriðji hluti. Ítalskur myndaflokkur í þremur þáttum sem hlotið hefur fjölda viðurkenninga. Höfundur er Luigi Comencini eftir skáldverki Elsu Morante. Í myndaflokknum er á magnþrunginn hátt fjallað um gyðingakonuna Idu, syni hennar tvo og örlagasögu fjölskyldunnar á Ítalíu í umróti síðari heimsstyrjaldarinnar. Aðalhlutverk: Claudia Cardinale, Francisco Rabal, Andrea Spada og Antonio Degli Schiavi. Þýðandi Þuríður Magnúsdóttir.
23.00 **Úr ljóðabókinni.** Til auðugs vinar eftir Horatius í þýðingu Helga Hálfdanarsonar. Lesari Emil G. Guðmundsson. Formála flytur Kristján Árnason. Umsjón og stjórn upptöku Jón Egill Bergþórsson.
23.10 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

### STÖÐ 2

8.00 **Með Beggu frænku.**
9.00 **Gúmmíbirnir.** Teiknimynd.
9.20 **Furðubúarnir.** Teiknimynd.
9.45 **Litli folinn og félagar.** Teiknimynd með íslensku tali.
10.10 **Þrumukettir.** Teiknimynd.
10.35 **Jólasveinasaga.** Teiknimyndin skemmtilega sem sýnd er á hverjum degi.
11.00 **Kóngulóarmaðurinn.** Teiknimynd.
11.25 **Sparta sport.** Krakkar! Þetta er íþróttaþátturinn ykkar.
12.00 **Ævintýraleikhúsið. Friður og ókindin.** Aðalhlutverk: Klaus Kinski og Susan Sarandon. Leikstjóri. Roger Vadim.
12.50 **Hugrekki.** Courage. Sophia Loren leikur konu sem berst með öllum tiltækum ráðum gegn eiturlyfjum í þeirri von að það muni bjarga syni hennar.
15.05 **Myndrokk.**
15.20 **Frakkland nútímans.** Aujourd'hui en France. Fræðsluþáttur.
15.50 **Heimshornarokk.** Big World Café.
16.45 **Á besta aldri.** Endurtekinn þáttur frá 22. nóvember síðastliðnum. Umsjón og dagskrárgerð: Helgi Pétursson og Maríanna Friðjónsdóttir.
17.15 **Dixíland, hin Ameríka.** Dixieland ist abgebrannt. Miðpunktur dixítónlistar er í Mississippi og Luisiana í Bandaríkjunum og spratt hún upp á dögum borgarastyrjaldarinnar og skaut þá djúpum rótum í hjörtu Bandaríkjamanna.
18.00 **Golf.** Umsjón: Björgúlfur Lúðvíksson.
19.19 **19:19.** Fréttir.
20.00 **Landsleikur.** Bæirnir bítast. Umsjón: Ómar Ragnarsson.
21.10 **Allt er fertugum fært.** Behaving Badly. Breskur gamanmyndaflokkur.
22.05 **Lagakrókar.** L.A. Law.
22.55 **Michael Aspel II.** Lokaþáttur. Gestir Michaels Aspel í þessum lokaþætti verða Lauren Bacall, Richard Gere og Dame Edna.
23.35 **Óaldarflokkurinn.** The Wild Bunch. Fimm miðaldra kúrekar vakna upp við þann vonda draum að lifnaðarhættir þeirra eru tímaskekkja í villta vestrinu. Aðalhlutverk: Ernest Borgnine, William Holden, Robert Ryan og Edmond O'Brien. Stranglega bönnuð börnum.
1.50 **Dagskrárlok.**

### Rás I FM 92,4/93,5

8.00 **Fréttir.** .
8.07 **Morgunandakt.** Séra Baldur Vilhelmsson, prófastur í Vatnsfirði við Djúp, flytur ritningarorð og bæn.
8.15 **Veðurfregnir.** Dagskrá.
8.30 **Á sunnudagsmorgni** með Gerði Steinþórsdóttur, formanni Kvenréttindafélags Íslands. Bernharður Guðmundsson ræðir við hana um guðspjall dagsins, Jóhannes 18, 33–37.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Jólaalmanak útvarpsins 1989.** Frú Pigalopp og jólapósturinn eftir Björn Rönningen í þýðingu Guðna Kolbeinssonar. Margrét Ólafsdóttir flytur (3.). Umsjón: Gunnvör Braga. (Einnig útvarpað um kvöldið klukkan 20.00)
9.15 Tónlist á sunnudagsmorgni
10.00 **Fréttir.** .
10.03 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá sunnudagsins í útvarpinu.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.25 **Í fjarlægð.** Jónas Jónasson hittir að máli Íslendinga sem hafa búið lengi á Norðurlöndum, að þessu sinni Bibi og Hjörleif Björnsson í Stokkhólmi. (Einnig útvarpað á þriðjudag kl. 15.03.)
11.00 **Messa í Hafnarfjarðarkirkju.** Prestur: Séra Gunnþór Ingason.
12.10 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá sunnudagsins í útvarpinu.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Auglýsingar. Tónlist.
13.00 **Hádegisstund í Útvarpshúsinu.** Ævar Kjartansson tekur á móti sunnudagsgestum.
14.00 **Málfríður og Guðbergur.** Guðbergur Bergsson rithöfundur segir frá Málfríði Einarsdóttur skáldkonu.
14.50 **Með sunnudagskaffinu.** Sígild tónlist af léttara taginu eftir Rossini, Tsjækovskí, Chabrier, Kalman og Celler.
15.10 **Í góðu tómi** með Hönnu G. Sigurðardóttur.
16.00 **Fréttir.**
16.05 **Á dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Garpar,** goð og valkyrjur. Þáttaröð úr Völsungasögu, þriðji þáttur: Dauði Sigurðar Fáfnisbana. Útvarpsgerð: Vernharður Linnet. Leikendur: Benedikt Erlingsson, Erla Rut Harðardóttir, Þórir Steingrímsson, Þröstur Leó Gunnarsson, Egill Ólafsson, Helga Þ. Stephensen, Gunnvör Braga og Þorsteinn J. Vilhjálmsson. Tónlist úr verkum Jóns Leifs leikin af Sinfóníuhljómsveit Íslands. (Einnig útvarpað í Útvarpi unga fólksins næsta fimmtudag.)
17.00 **Kontrapunktur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. Dómari: Þorkell Sigurbjörnsson. Til aðstoðar: Guðmundur Emilsson.
18.00 **Rimsírams.** Guðmundur Andri Thorsson rabbar við hlustendur. (Einnig útvarpað daginn eftir kl. 15.03.)
18.30 **Tónlist.** Auglýsingar. Dánarfregnir.
18.45 **Veðurfregnir.** Auglýsingar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Auglýsingar.**
19.31 **Ábætir.** José Carreras syngur Zarzuela söngva.
20.00 **Jólaalmanak útvarpsins 1989.** (Endurtekið frá morgni.)
20.15 **Íslensk tónlist.**
21.00 **Húsin í fjörunni.** Umsjón: Hilda Torfadóttir. (Frá Akureyri) (Endurtekinn þáttur frá liðnu sumri.)
21.30 **Útvarpssagan:** Gargantúi eftir Francois Rabelais. Erlingur E. Halldórsson þýddi. Baldvin Halldórsson les (8.)
22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.30 **Íslenskir einsöngvarar og kórar syngja.** Eiður Á. Gunnarsson, Karlakórinn Geysir, Friðbjörn G. Jónsson og Eygló Viktorsdótir syngja íslensk lög.
23.00 **Frjálsar hendur.** Illugi Jökulsson sér um þáttinn.
24.00 **Fréttir.**
00.07 **Sígild tónlist fyrir svefninn.**
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

### RÁS 2 FM 90,1

9.03 **Sunnudagsmorgunn með Svavari Gests.** Sígild dægurlög, fróðleiksmolar, spurningaleikur og leitað fanga í segulbandasafni útvarpsins.
11.00 **Úrval.** Úr dægurmálaútvarpi vikunnar á Rás 2.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Tónlist.** Auglýsingar.
13.00 **Tíu ár með Bubba.** Hreinn Valdimarsson leikur upptökur útvarpsins frá síðastliðnum tíu árum með Bubba Morthens. (Einnig útvarpað aðfaranótt föstudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
14.00 **Spilakassinn.** Getraunaleikur rásar 2. Umsjón: Jón Gröndal. Dómari: Adolf Petersen.
16.05 **Konungurinn.** Magnús Þór Jónsson fjallar um Elvis Presley og sögu hans. Fyrsti þáttur af tíu. (Einnig útvarpað aðfaranótt fimmtudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
17.00 **Tengja.** Kristján Sigurjónsson tengir saman lög úr ýmsum áttum (Frá Akureyri). (Úrvali útvarpað í Næturútvarpi á sunnudag kl. 7.00)
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.31 **Blítt og létt...** Gyða Dröfn Tryggvadóttir rabbar við sjómenn og leikur óskalög. (Einnig útvarpað kl. 03.00 næstu nótt á nýrri vakt.)
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Sigrún Sigurðardóttir, Oddný Eir Ævarsdóttir, Jón Atli Jónasson og Sigríður Arnardóttir.
21.30 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
22.07 **Klippt og skorið.** Skúli Helgason tekur saman syrpu úr kvölddagskrá rásar 2 liðna viku.
02.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 8.00, 9.00. 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

01.00 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
02.00 **Fréttir.**
02.05 **Djassþáttur.** – Jón Múli Árnason. (Endurtekinn frá þriðjudagskvöldi á rás 1.)
03.00 **Blítt og létt...** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur.
04.00 **Fréttir.**
04.05 **Undir værðarvoð.** Ljúf lög undir morgun.
04.30 **Veðurfregnir.**
04.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá föstudegi á Rás 1.)
05.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
05.01 **Harmóníkuþáttur.** Umsjón: Einar Guðmundsson og Jóhann Sigurðsson. (Endurtekinn þáttur frá miðvikudegi á rás 1.)
06.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
06.01 **Suður um höfin.** Lög af suðrænum slóðum.

### FM 98,9 BYLGJAN

9.00 **Haraldur Gíslason á morgunvaktinni.** Halli er alveg með á nótunum og færir ykkur kaffi og rúnstykki í rúmið. Róleg og ljúf tónlist.
12.00 **Hádegisfréttir.**
12.10 **Alltaf á sunnudögum.** Jón Ásgeirsson fréttastjóri og fréttamenn bylgjunnar líta yfir fréttir vikunnar og fjalla nánar um þær.
13.00 **Þorgrímur Þráinsson.** Sunnudagstónlist og létt spjall við hlustendur.
16.00 **Jólabókaflóðið** í umsjón Rósu Guðbjartsdóttur. Fjallað um nýjar íslenskar bækur og spjallað við höfunda og útgefendur og lesnir kaflar úr bókum.
18.00 **Ágúst Héðinsson.** Ljúf og notaleg tónlist sem truflar ekki við matseldina.
20.00 **Pétur Steinn Guðmundsson** með þátt fyrir hugsandi fólk. **Allt yfirnáttúrulegt kannað, spjall um allt milli himins og jarðar.**
24.00 **Freymóður T. Sigurðsson** leiðir Bylgjuhlustendur inn í nóttina með ljúfum tónum.
Fréttastofan er með fréttatíma um helgar kl. 10.00, 12.00, 14.00 og 16.00.

### STJARNAN FM 102 & 104

10.00 **Kristófer Helgason.** Ljúf, ný og vönduð tónlist ræður ferðinni. Hann er með stjörnuspána á hreinu.
14.00 Darri Ólafsson. Tónlistin er ný, fersk og vönduð. Við spilum nýjustu tónlistina fyrstir.
18.00 **Arnar Kristinsson.** Hvað er í bíó?
22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.** Þorsteinn fylgist með nýbylgjutónlistinni og leikur hana í bland við vinsældapoppið. Ýmis fróðleikur um tónlist og tónlistarmenn sem kemur þér á óvart.
1.00 **Björn Sigurðsson.** Næturvakt á Stjörnunni. Síminn er opinn og Bússi tekur vel á móti þér.

### 95,7

8.00 **Árni Vilhjálmur.** Óskalög og eldra efni fram til klukkan eitt.
13.00 **Sveinn Snorri.** Léttur og líflegur.
16.00 **Klemenz Arnarsson.** Sunnudagstónlist eins og hún gerist best.
19.00 **Benedikt Elfar.** Með breiðan smekk þótt grannur sé.
22.00 **Sigurjón „Diddi“.** Fylgir ykkur inn í nóttina.
1.00 **Lifandi næturvakt.**

### ÚTRÁS FM 104,8

12.00 **MS.**
14.00 **IR.**
16.00 **MK.**
18.00 **FÁ.**
20.00 **FB.**
22.00 **Neðanjarðargöngin.**
1.00 **Dagskrárlok.**

### FM 90,9 AÐALSTÖÐIN

8.00 Sálartetrið, endurtekinn þáttur Önnu Inger Aikman. Gestur þáttarins séra Karl Sigurbjörnsson.
10.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Ljúf tónlist með fróðleik.
13.00 **Sunnudagssíðdegi** með Inger Önnu Aikman.
16.00 **Oddur Magnús** á ljúfu nótunum.
19.00 **Þægileg tónlist** í helgarlok.
22.00 **Léttklassík.** Umsjón Íris Erlingsdóttir.

### SKY One

6.00 **The Hour of Power.** Trúarþáttur
7.00 **Gríniðjan.** Barnaefni.
11.00 **50 vinsælustu.** Poppþáttur.
12.00 **Beyond 2000.** Vísindaþáttur.
13.00 **That's Incredible.** Fræðslumynd.
14.00 **Fjölbragðaglíma (Wrestling).**
15.00 **The Incredible Hulk.** Spennumyndaflokkur
16.00 **Emergency.** Framhaldsmyndaflokkur.
17.00 **Eight is Enough.** Framhaldsmyndaflokkur.
18.00 **Family Ties.** Gamanþáttur.
19.00 **21 Jump Street.** Spennumynda flokkur.
20.00 **Return to Eden.** Mínisería.
22.00 **Entertainment This Week.**
23.00 **Fréttir.**
23.30 **The Paper Chase.** Framhaldsmyndaþáttur.
00.30 **Poppþáttur.**

### SKY MOVIES

14.00 **Frosty's Winter Wonderland.**
15.00 **'Twas the Night Before Christmas.**
16.00 **Not Just Another Affair.**
18.00 **The Boy who Could Fly.**
20.00 **Tripplecross.**
22.00 **It's a Wonderful Life.**
00.15 **Wild Geese 2.**
02.15 **Doc Savage: The Man of Bronze.**
04.00 **Enemy Mine.**

### EUROSPORT

9.30 **Tennis.** Keppni nokkurra fyrrverandi meistara á Spáni.
10.00 **Golf.** Australian Open. Haldið á Kingston Heath golfvellinum.
12.00 **Lyftingar.** World Cup, haldið í Portúgal.
13.00 **Íhokkí.** Leikur í Evrópukeppni meistaraliða.
14.00 **Fótbolti.** Meginlandsknattspyrna eins og hún gerist best.
15.00 **Skíði.** Heimsbikarinn. Keppni í Bandaríkjunu.
16.00 **Tennis.** Keppni nokkurra fyrrverandi meistara á Spáni.
16.30 **Íhokkí.** Leikur í Evrópukeppni meistaraliða.
17.30 **Rall.** Það helsta úr World Championship Rally.
19.00 **Golf.** Australian Open. Haldið á Kingston Heath golfvellinum.
21.00 **Fótbolti.** Meginlandsknattspyrna eins og hún gerist best.
22.00 **Rugby.** The Regal Trophy.
23.00 **Skíði.** Heimsbikarinn. Keppni í Bandaríkjunu.

### SCREENSPORT

8.00 **Ameríski fótboltinn.** Highlights.
9.00 **Box.** Atvinnumenn í keppni.
10.00 **Ameríski fótboltinn.** Leikur vikunnar.
12.00 **Spánski fótboltinn.** Real Madrid–Real Zaragna
13.55 **Rugby.** Frakkland–Nýja-Sjáland.
15.45 **Íþróttir í Frakklandi.**
16.15 **Argentínski fótboltinn.**
18.00 **Íshokkí.** Leikur í bandarísku atvinnumannadeildinni.
20.00 **Ameríski fótboltinn.** Leikur háskólaliða.
22.00 **Rugby.** Wigan–Hull.
23.30 **Hnefaleikar.**

## Stöð 2 kl. 17.15:
# Dixieland, hin Ameríka

Fyrir innfædda Bandaríkjamenn stendur orðið Dixie fyrir syðsta hluta Bandaríkjanna. Fyrir aðra íbúa jarðarinnar er orðið Dixieland alþekkt og er þá ekki átt við landsvæði heldur tónlist. Dixieland er einnig samnefnari fyrir þá tónlist sem ættuð er frá New Orleans. Er New Orleans hjarta Dixie og nær svæðið upp Mississippi og niður Louisiana.

Í Dixieland, hin Ameríka, er könnuð menning Suðurríkjanna, þar sem skáld á borð við William Faulkner, Tenessee Williams, Thomas Wolfe og Alice Walker eru upprunnin og er umfjöllun um skáldin tengd með tónlistinni sem er svo einkennandi fyrir þennan landshluta, Dixielandinu, og að sjálfsögðu blúsnum sem einnig er upprunninn í Suðurríkjunum.

Við byrjum ferð okkar í New Orleans, förum gegnum Mississippi og endum í heimaborg William Faulkners, Oxford.

-HK



Stúfur fer með kvæðið um jólasveinana. Á myndinni sjáum við íslensku útgáfuna af bróður hans, Ketkróki.

## Sjónvarp kl. 17.50:
# Stundin okkar

Það verður að venju margt fyrir börnin í Stundinni okkar. Karólína M. Jónsdóttir kennari sýnir okkur einfalt jólaföndur. Sýndur verður annar þáttur í seríunni þegar Vala, Reynir og Lilli skoðuðu Disney World og ljónið heldur áfram að leiðrétta Kúst litla sem aldrei getur lært að tala rétt.

Sýndur verður fyrsti kaflinn í þáttaröðinni Náttúran okkar. Grafík er eftir Hildi Rögnvaldsdóttur og brúður eftir Helgu Steffensen. Þá er hann Stúfur kominn á kreik og syngur svolítið fyrir okkur um bræður sína. Kvæðið er eftir Jóhannes úr Kötlum. Að lokum verður sýnt leikritið Úlli og Sigurður. Það er um úlfinn Úlla sem lendir í kaupavinnu hjá honum Sigurði bónda. Um kynningar sjá Skralli trúður og Lilli.

## Sjónvarp kl. 23.00:
# Úr ljóðabókinni

Ljóðið í kvöld í þættinum Úr ljóðbókinni er Til auðugs vinar eftir Hóras í þýðingu Helga Hálfdanarsonar.

Flestir þeir er einhverja nasasjón hafa haft af klassískum lærdómi kannast við skáldið Hóras en kvæði hans hafa löngum prýtt síður kennslurita í sígildum skáldskap og rómverskum gullaldarfræðum. Eins er víst að hann er fleirum kunnur en unnendum latneskra fagurfræða einvörðungu, því að ýmsir af höfuðskáldum okkar hafa spreytt sig á að þýða kvæði hans. Má með sanni segja að skáldið hafi haft nokkuð til síns máls er það stærði sig af því að ljóðagerð sín myndi lifa um ókomnar aldir.

Ferill Hórasar er nútímamönnum furðuvel þekktur og mun Kristján Árnason bókmenntafræðingur tæpa á helstu atriðum í viðburðaríkri ævi þessa meistaraskálds. Að loknum pistli Kristján mun Emil G. Guðmundsson leikari lesa eitt af gullkornum Hórasar, Til auðugs vinar.

## Rás 2 kl. 14.00:
# Spilakassinn

| | 1 | 2 | 3 |
|---|---|---|---|
| 1 | | | |
| 2 | | | |
| 3 | | | |
| 4 | | | |
| 5 | | | |
| 6 | | | |
| 7 | | | |
| 8 | | | |
| 9 | | | |
| 10 | | | |

*Nafn:*

*Heimili:*

*Svör sendist til:* — Spilakassinn —
Ríkisútvarpið
Efstaleiti 1
108 Reykjavík